



Áhrif farvinnu á vegakerfið. Sæunn Gísladóttir. Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri – ágúst 2023.

Samantekt skýrsluhöfundar:

Tilgangur þessarar rannsóknar er að bæta stöðu þekkingar um áhrif farvinnu á ferðamynstur og þar af leiðandi á vegakerfið.

Lagt verður upp með að svara rannsóknarspurningunum: Hefur orðið breyting á tíðni ferða frá:

- jaðarsvæðum höfuðborgarsvæðisins til höfuðborgarsvæðisins og
- frá nærsveitum Akureyrar til Akureyrar vegna atvinnusóknar í kjölfar Covid-19 faraldursins?

Skýrsluhöfundur telur að með aukinni þekkingu á ferðahegðun sé hægt að gera markvissari spár um álag á vegakerfið.

Einnig verður lagt upp með að svara spurningunum:

- Notar þú almenningssamgöngur til að komast til og frá vinnu?
- Hefur þú skipt yfir í rafbíl í kjölfar Covid-19 faraldursins?

Þá verður spurt:

- hvaða innviðauppbýgging telur þú að þurf að eiga sér stað vegna almenningssamgangna og rafílavæðingar á leið til höfuðborgarsvæðisins/Akureyrar?

Upplýsingar um notkun á almenningssamgöngum og rafbílanotkun úrtaksins geta gefið vísbendingar um þörf á innviðauppbýggingu í kringum bæði almenningssamgöngur og rafbíla. Til að bæta stöðu þekkingar verður að lokum einnig spurt um hindranir í að sækja vinnu um lengri leið, s.s. þjónustu á vegum og hvort viðkomandi neyðist til að vinna farvinnu (að fullu/eða einhverju leyti) vegna samgönguerfiðleika